

1 MARKMIÐ

Markmið jafnlaunastefnu Rauða krossins er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Stöðugt skal unnið að því að útrýma óútskýrðum kynbundnum launamun, sé hann til staðar. Jafnlaunastefnan er jafnframt launastefna félagsins.

2 ÁBYRGÐ

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi þess standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Framkvæmdastjóri samþykkir jafnlaunastefnu félagsins.

Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir innleiðingu, viðhaldi, eftirliti, viðbrögðum og stöðugum umbótum jafnlaunakerfisins í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á að framfylgja jafnlaunastefnu félagsins.

Stjórnendur bera ábyrgð á að starfað sé samkvæmt stefnunni og að framfylgja verklagsreglum sem að henni lúta.

Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks.

3 STEFNA

Jafnlaunastefna félagsins leggur áherslu á hvernig félagið gætir jafnréttis í ákvörðunum sem snúa að launum og að starfsfólk hafi jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu félagsins skuldbindur Rauði krossinn sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Setja fram og rýna jafnlaunamarkmið árlega.
- Greiða laun og hlunnindi í samræmi við hæfnikröfur starfa, ábyrgð og árangur.
- Jafnlaunaviðmið séu málefnaleg og feli ekki í sér beina né óbeina mismunun.
- Allar launaákvæðanir séu gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar, rekjanlegar og í samræmi við jafnlaunakerfi félagsins.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega fari fram launagreining, innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Birta stefnuna á starfsmannavef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Kynna árlega niðurstöðu jafnlaunagreiningar fyrir starfsfólki félagsins.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins og er rýnd eftir þörfum.

Stefnan er aðgengileg almenningi á heimasíðu félagsins

4 TILVÍSANIR OG ATHUGASEMDIR

ÍST 85:2012

Lög
um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

Stefna